



Aðalfundur UFA var haldinn 19. febrúar 2025 kl 17:40 í Íþróttahöllinni v/Skólastíg

Jóna Finndís Jónsdóttir, formaður UFA, setti fundinn og bauð alla velkomna á 36. aðalfund UFA. Hún stakk upp á að Elsa María Guðmundsdóttir yrði fundarstjóri og Rósa Hrefna Gísladóttir fundarritari. Það var samþykkt. Fundarstjóri tók við stjórn fundarins. Viðar Sigurjónsson fulltrúi ÍSÍ veitti formanni UFA endurnýjun á viðurkenningu fyrirmyndarfélags. Viðurkenningin er veitt til fjögurra ára í senn.

1. Skýrsla stjórnar fyrir árið 2024

Jóna Finndís flutti skýrslu stjórnar, sem aðgengileg er á heimasíðu UFA. Úr skýrslunni ber helst að nefna að árið 2024 var gott frjálsíþróttarár. Fjöldi iðkenda í frjálsíþróttahópnum óx mikið frá árunum á undan, 96 iðkendur voru skráðir á haustönn 2024. Gaman er að sjá að fjöldi iðkenda í Meistaraflokki, þ.e. þeirra sem eru 15 ára og eldri hefur aukist frá því sem áður var.

UFA hlýtur stuðning ýmissa aðila, þeir eru: Akureyrarbær, Kjarnafæði Norðlenska, RUB23, Lottó, , Norðurorka, Samherji, ENOR, Vaðlaheiðargöng, Spretturinn, Sportver, stéttarfélög á Eyjafjarðarsvæðinu, sveitarfélög í kring og UMFÍ.

Rifjuð voru upp mótin og viðburðirnir sem UFA hélt á árinu. Grunnskólamót UFA, Akureyrarmót UFA og Norðlenska - innanhúss og utanhúss, UFA dagurinn, Götugöngu Akureyrar, Meistaramót Íslands og Íslandsmót fatlaðra og Minningarmót Ólivers, auk minni innanfélagsmóta. Einnig hélt UFA, í samstarfi við UFA Eyrarskólk 1. maí hlaupið og Akureyrarhlaupið. Jóna Finndís þakkaði keppendum kærlega fyrir árangursrík og skemmtileg mót á árinu og sendi hjartans þakki til allra starfsmanna sem að mótum ársins komu, þeirra sem eru boðnir og búnir að aðstoða félagið hvenær sem kallið kemur, hvort sem er inni eða út, í sól eða hryssingslegu veðri líkt og stundum vill verða. Engin mót væru haldin ef ekki væri fyrir þann jákvæða hóp sjálfboðaliða sem með nákvæmni og þolinmæði mæla og skrá allt samkvæmt kúnstarinnar reglum.

Aðrir viðburðir sem iðkendur UFA sóttu voru Gautaborgarleikar, MÍ 11-14 ára og MÍ 15 – 22 ára, MÍ masters, Unglingalandsmót UMFÍ, RIG og Bikarkeppni FRÍ 15 ára og yngri og Bikarkeppni FRÍ.

Farið var yfir hverjir úr UFA hefðu verið í unglingalandsliði og landsliðshópi, auk þess sem tekin var mynd af þeim Íslandsmeisturum félagsins sem voru á staðnum, en félagið átti 26 íslandsmeistarara á árin 2023 og unnu þeir sér inn alls 61 íslandsmeistaratitla.

Rósa Dagný Benjamínsdóttir fór yfir ársreikning frjálsíþróttastarfs UFA fyrir árið 2024, hagnaður reyndist af rekstri félagsins, tæpar 3,2 millj.kr. Eigið fé er um 10,7 millj. Útgjöld jukust vegna þjálfunar, með hliðsjón af auknum iðkendafjölda. Notaður verður hluti af hagnaði síðasta árs til að niðurgreiða rútuféðir fyrir iðkendur á meistaramót ársins. Engar spurningar eða athugasemdir voru gerðar við reikninginn og hann samþykktur samhljóða.

Rannveig Oddsdóttir, formaður Langhlaupadeildar UFA – UFA Eyrarskókk, flutti skýrslu deildarinnar sem aðgengileg er á heimasíðu félagsins. Hún sagði helsta afrek deildarinnar væri að halda stórum hópi fólks hraustum og hamingjusömum. Boðið er upp á skipulagðar hlaupaæfingar þrisvar í viku sem eru vel sóttar auk þess sem hópurinn hefur haft aðstöðu til að taka drillu-æfingar í Boganum með UFA plús hópnum í vetur. Hún talaði um að Eyrarskókkarar voru duglegir að taka þátt í hlaupaviðburðum vítt og breitt um landið á árinu og sumir létu það ekki duga heldur ferðuðust til útlanda líka til að hlaupa.

Rannveig sagði frá hlaupanámskeiði sem haldið var sl. vor líkt og hefð er fyrir ásamt hlaupum sem Eyrarskókk stóð fyrir á síðasta ári, þ.e. Vetrarhlaup UFA, 1. maí hlaup UFA, Akureyrarhlaup, Súkur Vertical, Hausthlaup UFA og Gamlárshlaup. Rannveig fór einnig yfir helstu tölur úr ársreikningi langhlaupadeildarinnar en hagnaður deildarinnar voru tæpar 500 þús. kr.

Rósfríð Kristín Áslaugsdóttir, formaður þríþautardeildar UFA – Norðurljósanna sá sér ekki fært að mæta en Jóna Finndís formaður frjálsíþróttadeildar UFA fór yfir rekstrarreikning félagsins í hennar stað og var félagið rekið með um 360 þús. kr. hagnaði á árinu 2024.

2. Ársreikningur 2024

Jóna Finndís fór yfir samantekinn ársreikning allra deilda, tekjur ársins fyrir félagið í heild námu 25,3 milljónum króna en gjöld 21,8 milljónum króna. Hagnaður félagsins nam því 4,1 milljónum króna og eigið fé í árslok nam 17,0 milljónum króna. Ársreikningurinn var borinn upp til samþykktar og var hann samþykktur samhljóða.

3. Fjárhagsáætlun 2025

Rósa Dagný fór yfir fjárhagsáætlun ársins 2025. Áætlað er að styrkir muni nema um 5,5 milljónum króna á árinu 2025 sem er tæplega 1,7 milljón minna en á árinu 2024 því reiknað er með lækkun lottótekna. Gert ráð fyrir að félags og æfingagjöld verði óbreytt. Reiknað er með að afkoma ársins verði neikvæð um 462.000 kr. Fjárhagsáætlunin var samþykkt samhljóða.

4. Lagabreytingar

Jóna Finndís kynnti þær lagabreytingar sem stjórn UFA hefur lagt til, breytingatillögurnar eru allar tilkomnar vegna athugasemda ÍSÍ, og eru þær merktar með rauðu hér fyrir neðan, ýmist viðbætur eða úrfellingar:

3. grein

Aðalfund skal halda í febrúarmánuði ár hvert. Þá skal kjósa 5 menn í stjórn og allt að 2 menn í varastjórn sem sitja fundi. **Fjöldi varamanna ræðst af fjölda framboða.** Stjórnin velur sér formann en skiptir að öðru leyti með sér verkum. Endurkjör er heimilt

4. grein

Aðalfund skal boða með minnst **5 14** daga fyrirvara á heimasíðu UFA og víðar ef þurfa þykir. **Á heimasíðu UFA skal liggja fyrir dagskrá fundarins ásamt mögulegum lagabreytingartillögum (sbr. 13. grein) minnst 5 dögum fyrir aðalfund.** Aðalfundur er löglegur sé löglega til hans boðað. Þá getur stjórn félagsins boðað til almenns félagsfundar ef þurfa þykir. Einnig er stjórninni skylt að boða til almenns félagsfundar ef 15 félagar eða fleiri æskja þess og skulu þessir fundir boðaðir með minnst 5 daga fyrirvara. Dagskrá aðalfundar skal vera eftirfarandi:

1. **Kosning fundarstjóra og fundarritara**
2. Skýrsla stjórnar
3. Ársreikningur liðins árs **lagður fram og borinn upp til samþykktar.**
4. Fjárhagsáætlun komandi árs **lögð fram og borin upp til samþykktar.**
5. Lagabreytingar
6. Ákvörðun um árgjöld félagsmanna
7. Kosning stjórnar
8. Kosning skoðunarmanna reikninga
9. Viðurkenningar til iðkenda
10. Önnur mál

6. grein

Allir sem æfa hjá UFA gerast sjálfkrafa félagar. Aðrir sem vilja gerast félagar sækja um það til stjórnar og hljóta sjálfkrafa inngöngu. Börn yngri en 12 ára hafa ekki atkvæðisrétt en hafa heimild til fundarsetu. **Kjörgengi er miðað við 18 ára aldur.**

8. grein

Heimilt er að starfrækja deildir innan félagsins. Nýjar deildir skal stofna á aðalfundi félagsins. **Frjálsíþróttadeild heyrir beint undir aðalstjórn. Aðrar deildir skulu halda aðalfund minnst viku fyrir aðalfund félagsins. Aðalfundur deildar telst lögmætur sé hann auglýstur með minnst sjö daga fyrirvara. Stjórn hvernar deildar skal skipuð þremur til fimm mönnum kosnum á aðalfundi deildar og allt að tveimur til vara. Fjöldi aðal- og varamanna ræðst af fjölda framboða. Deildir hafa sjálfstæðan fjárhag og er heimilt að hafa eigin kennitölu en skila ársskýrslu og ársreikningi fyrir sitt starf til stjórnar félagsins a.m.k. viku fyrir aðalfund. Fjárhagsáætlanir deilda skulu samþykktar af aðalstjórn félagsins.** Deildum er ekki heimilt að skuldbinda eða skuldbindast sig umfram eignir

deildarinnar án þess að fyrir liggi samþykkt meirihluta stjórnar UFA í fundargerð. Sé engin starfsemi innan deildar og hún skilar ekki ársskýrslu og ársreikningi tvö ár í röð telst hún vera lögð niður.

9. grein

Félögum er skylt að hlýða lögum félagsins. ~~og annast þau störf í þágu félagsins sem félagsfundur eða stjórn félagsins felur þeim.~~

Lög þessi öðlast **gildi þegar ÍBA og ÍSÍ hafa staðfest þau.** ~~þegar gildi~~

Fundarstjóri óskað eftir athugasemdum við lagabreytingartillögurnar. Þegar engar athugasemdir bárust óskaði hann leyfist til að bera þær allar upp til samþykktar í einu og voru þær samþykktar samhljóða.

5. Ákvörðun um árgjöld félagsmanna

Lagt var til að hafa valkvætt félagsgjald upp á 1000 kr. Foreldrar/forráðamenn hafa ekki verið skráðir félagar UFA eins og iðkendur og hafa þar af leiðandi ekki atkvæðisrétt á aðalfundum félagsins. Hægt er að gerast félagsmaður inná Abler og fá þar með atkvæðisrétt á fundum. Einnig er boðið uppá árlegt félagsgjald hlaupara vegna skráningar hjá FRÍ 2025 uppá 5000 kr. Tillagan var samþykkt.

Hlé var gert og súpa var veitt í boði RUB23.

6. Kosning stjórnar

Rósa Dagný Benjamínsdóttir, Rósa Hrefna Gísladóttir, Katrín Ósk Guðmundsdóttir og María Indriðadóttir gáfu kost á sér áfram. Sigurveig Björg Harðardóttir gaf áfram kost á sér í varastjórn. Hulda Berglind og Jóna Finndís Jónsdóttir ákváðu að gefa ekki aftur kost á sér í stjórn félagsins. Óskað var eftir framboðum í stórn þar sem tvo menn til viðbótar vantaði til að fylla stjórnina. Elísa Arnars Ólafsdóttir, Hanna Björg Héðinsdóttir og Heimir Sigurpáll Áslaugsson buðu sig fram. Fundarmenn samþykktu öll framboð til stjórnar og óskuðu eftir að stjórn myndi á fyrsta fundi skipta með sér verkum og leysa úr því að í stjórn félagsins yrðu skráð fimm aðalmenn og tveir varamenn.

Óskað var eftir framboði iðkenda til að sitja sem áheyrnarfulltrúi í stjórn, Elena Soffía Ómarsdóttir bauð sig fram og iðkendur staðfestu kosningu hennar samhljóða.

7. Kosning skoðunarmanna reikninga

Fundarstjóri skýrði frá því að Guðmundur Víðir Gunnlaugsson og Arnar Elíasson gæfu áfram kost á sér sem skoðunarmanna reikninga. Kosning þeirra var staðfest samhljóða af fundarmönnum.

8. Viðurkenningar til iðkenda og þjálfara

Veittar voru viðurkenningar fyrir íþróttafólk UFA árið 2025.

Frjálsíþróttakarlar ársins: Baldvin Þór Magnússon.

Frjálsíþróttakona ársins: Stefanía Daney Guðmundsdóttir.

Langhlaupakarl ársins: Þorbergur Ingi Jónsson.
Langhlaupakona ársins: Sigþóra Brynja Kristjánsdóttir.

Þau voru kölluð upp og þeim veitt viðurkenningar, Rannveig Oddsdóttir tók við viðurkenningu Baldvins og Þorbergs.

Hvatningarverðlaunin 11-14 ára

Unnar, þjálfari yngri, flokka veitti hvatningarverðlaun, valdir voru tveir einstaklingar, Elva Ósk Jónasdóttir og Jón Oddur Heimisson fyrir góða æfingasókn og góðan árangur. Margir aðrir iðkendur hafa einnig staðið sig mjög vel.

Verðlaun meistaraflokks

Ari, yfirþjálfari meistaraflokks, ræddi starfið í vetur, hann talaði um að hópurnir samanstæði af frábærum krökkum sem allir stæðu sig vel. Veitt voru þrenn ný verðlaun, stigahæsta afrek karla og kvenna, á réttri leið karla og kvenna og fórn ársins

Verðlaun fyrir stigahæstu afrek meistaraflokks UFA hlutu Sigurlaug Anna Sveinsdóttir og Róbert Mackay.

Sigurlaug Anna hlaut 844 stig í 60m hlaupi á 8,17 sek, þann 2. febrúar 2025 á Reykjavík International games.

Róbert Mackay hlaut 861 stig í 200m hlaupi á 22,48 sek þann 30. júní 2024 á Meistaramóti Íslands.

Á réttri leið hlutu Elena Soffía Ómarsdóttir og Garðar Atli Gestsson. Elena Soffa hlaut verðlaunin fyrir gott hugarfar og gefast ekki upp þegar á móti blæs. Hún æfir vel, hefur náð miklum framförum og er fyrirmynd í hópnum.

Garðar Atli Gestsson hlaut verðlaunin fyrir miklar framfarir í hugarfari, æfa vel og vera sterkur karakter í keppnum.

Fórn ársins hlaut Alexander Breki Buch Jónsson, kúluvarpari, fyrir að hafa fórnað sér fyrir liðið í Bikarkeppni FRÍ, utanhúss, 17. ágúst 2024. Hann tók þátt í 110m grind og hljóp á 22,91 sek og tryggði liðinu 3 stig sem varð til þess að það endaði í 4. sæti.

Þjálfarar fengu viðurkenningar fyrir vel unnin störf og aðstoðarþjálfarar einnig.

9. Önnur mál

Engin önnur mál

Fundi slitið 19:36

Fundargerð ritaði Rósa Hrefna Gísladóttir.